

Miðvikudaginn 10. janúar 1996.

Nr. 425/1995.

Aðalsteinn Eggertsson

Edda I. Eggertsdóttir

Valdís Halldórsdóttir

Sigurður Egilsson

Egill Egilsson

Ingunn Egilsdóttir

Kristjana Eggertsdóttir

Ólafur Þ. Ólafsson

Hreiðar Grímsson

Jón Gíslason og

Kristján Oddsson

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

gegn

Hilmari Ingimundarsyni

Snorra Erni Hilmarssyni

Gunnari Kristjánssyni

Jóni R. Lárussyni

Guðbrandi Hannessyni

Jóni Steinari Vilhjálmssyni

Haraldi Jónssyni

Sigurði Guðmundssyni

Ólöfu Þorgeirsdóttur

Páli Ingólfssyni

Magnúsi Sæmundssyni

Hermannni Ingólfssyni

Kristjáni Finnssyni

Guðnýju Ívarsdóttur

Ólafi Ólafssyni

Siggeiri Ólafssyni

Einari Ólafssyni

Signýju Ólafsdóttur

Sigríði Ólafsdóttur

Guðmundi Ólafssyni

Sævari Arngrímssyni

Ólöfu S. Arngrímsdóttur

Þórunni Einarsdóttur

Halldóru Ingibjörnsdóttur
Sigríði Ingibjörnsdóttur
Ólafi Ingibjörnssyni
Gísla Ellertssyni
Bjarna Kristjánssyni
Péttri Lárussyni
Guðmundi Magnússyni
Þórunni Einarsdóttur
Kjósarhreppi
Sigrúnu Vilhelmínu Eiríksdóttur og
Skúla Geirssyni
 (Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Lög um lax- og silungsveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Um kæruheimild vísa þeir til c-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að teknað verði til greina kröfur þeirra um dómkvaðningu matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, svo sem þær eru fram settar í matsbeiðni. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir, sem hafa látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti, eru fyrirsvarsmenn eftirtalinna jarða: Sogns I og II, Reynivalla, Vindáss, Hækingsdals, Fremra-Háls, Írafells, Möðruvalla I og II, Eyja I og II, Hjalla, Grjóteyrar, Flekkudals, Meðalfells, Þorláksstaða, Káraness, Káraneskots, Bæjar, Eyrarkots, Hurðarbaks og Hlíðaráss. Þeir krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með dómi Hæstaréttar 20. mars 1995 í máli nr. 66/1995 er hafnað kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 á þeirri forsendu, að ekki hefði verið leyst úr þeirri grundvallarspurningu, hvaða ástæður liggi að baki ætluðu tjóni

þeirra. Í þessu máli hafa sóknaraðilar lagt fram nýja beiðni, þar sem þeir krefjast dómkvaðningar matsmanna samkvæmt fyrrnefndum lögum til að meta, hvaða ástæður liggi að baki tjóni þeirra, auk þess að meta sömu atriði og fyrri matsbeiðni sneri að. Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, getur þetta álitaeftni ekki átt undir matsmenn, sem dómkvaddir eru samkvæmt nefndum lögum. Verður um dómkvaðningu þeirra að fara eftir almennum reglum.

Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 1995.

I.

Mál þetta var þingfest 18. maí 1995 og tekið til úrskurðar 1. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Aðilar matsmáls þessa eru eigendur ofangreindra jarða, sem allar eru í Kjósarhreppi, Kjósarsýslu.

Matsbeiðendur krefjast þess, að hin umbeðna dómkvaðning, eins og hún er sett fram í matsbeiðninni, nái fram að ganga og dómkvaddir verði tveir hæfir og óvillhallir menn til þess að skoða vatnasvæði Veiðifélags Kjósarhrepps og meta:

1. Matsbeiðendur telja sig hafa orðið fyrir tjóni, að mun öðrum veiðiréttareigendum fremur, vegna gerðar fiskvegar (laxastiga) í Laxfossi í Laxá í Kjós á árunum 1972 og 1973. Tjónið felist í því, að tekjur þeirra af veiðirétti jarðanna hafi bæði beint og hlutfallslega lækkað í framhaldi af gerð fiskvegarins. Er þess óskað, að hinir dómkvöddu matsmenn staðreyni og meti, hvaða ástæður liggi að baki tjóni matsbeiðenda.

2. Komist hinir dómkvöddu matsmenn að þeirri niðurstöðu, að matsbeiðendur hafi öðrum veiðiréttareigendum fremur orðið fyrir tjóni vegna gerðar fiskvegar í Laxá, er þess farið á leit, að þeir ákveði og meti til peninga-verðs miðað við verðlag á matsdegi skaðabætur fyrir það tjón, sem matsbeiðendur hafa orðið fyrir öðrum veiðiréttareigendum fremur vegna gerðar fiskvegarins í Laxfossi samfara og í framhaldi af arðsmati, sem var breytt 30. desember 1978 og aftur 8. maí 1987, allt til matsdags.

3. Þá er þess farið á leit, að matsmenn ákveði kostnað af mati og skiptingu hans milli aðila.

Þess er óskað, að störf matsmanna beinist að því að skera úr þeirri grundvallarspurningu, sem fram kemur í 1. lið, áður en skaðabætur samkvæmt 2. lið verða metnar og kostnaður af mati og skipting hans á aðila samkvæmt 5. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 verði ákveðinn. Þess er beiðst, að metið verði sérstaklega tjón einstakra matsbeiðenda. Þá er þess óskað, að niðurstaða hinna dómkvöðdu matsmanna verði rökstudd sérstaklega með vísan til 21. og 22. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993.

Matsþólar krefjast þess aðallega, að synjað verði um beiðni um dómkvaðningu matsmanna á grundvelli laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, en til vara, ef til dómkvaðningar kemur, að synjað verði þeirrar kröfu, að matsmenn ákveði, hver skuli bera kostnað af mati og greiðslu hans samkvæmt 5. tl. 94. gr. laga nr. 76/1970. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi matsbeiðenda.

II.

Á árunum 1972-1973 var gerður fiskvegur (laxastigi) í Laxfossi í Laxá í Kjósarsýslu. Var framkvæmdum þessum ætlað að auka heildarveiði og þar með heildararðsemi árinna. Eftir að fiskvegurinn var gerður, hefur tvívegis farið fram yfirmat á arðskrá vatnasvæðisins. Segja matsbeiðendur, að arðshlutfall jarða þeirra hafi lækkað að meðaltali um 41,41%, enda þótt meðalveiði vatnasvæðisins hafi ekki breyst. Sé þetta í algjörrri andstöðu við þær forsendur, sem lagðar hafi verið til grundvallar við gerð fiskvegarins. Með matsbeiðni, dagsettri 3. ágúst 1994, óskuðu sömu matsbeiðendur eftir því, að dómkvaddir yrðu matsmenn samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði til að meta tjón þeirra. Með dómi Hæstaréttar, sem staðfesti úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur að niðurstöðu til, var beiðni þeirra hafnað. Í dóminum segir orðrétt: „Matsbeiðni sóknaraðila beinist ekki að því að fá úr því skorið, hvaða ástæður liggja að baki ætluðu tjóni þeirra. Þegar þess er gætt, að matsreglur laga um lax- og silungsveiði hafa að þessu leyti sérstöðu, svo sem vegna fyrir-mæla 5. mgr. 95. gr., sbr 7. gr. laga nr 63/1994 um greiðslu kostnaðar af matsgerð, var þörf á, að leyst yrði úr þessari grundvallarspurningu, áður en stofnað yrði til matskostnaðar, sem hugsanlega yrði felldur á varnaraðila.“

III.

Matsbeiðendur telja, að með matsbeiðni þeirri, sem hér er til umfjöllunar, hafi þeir bætt úr þeim ágöllum, sem Hæstiréttur taldi vera á fyrri matsbeiðni. Krafa matsbeiðenda sé byggð á því, að við gerð fiskvegarins í Laxfossi árið 1972 hafi það verið forsenda af hálfu landeigenda fyrir neðan Laxfoss, að jarðir þeirra héldu óskertum hlutfallslegum arði af vatnasvæðinu eftir gerð fiskvegarins. Hafi matsbeiðendur í matsbeiðni sinni sýnt fram á, að meðalveiði á vatnasvæðinu hafi ekki aukist, og sé vísað til niðurstöðu „Talnakönn-

unar“ frá 11. apríl 1994 í því sambandi. Á sama tíma hafi arðsprósentu þessara jarða minnkað verulega, þ. e. úr því að vera 48,64% samanlagt í að vera nú 33,36%, eða um tæpan þriðjung. Þessa minnkandi arðsprósentu telji matsbeiðendur mega a. m. k. að hluta til rekja til gerðar fiskvegarins og framkvæmdar laga nr. 76/1970 að þessu leyti, sem hafi orðið til þess að færa verulegar tekjur af ánni til veiðiréttareigenda ofan Laxfoss frá eigendum jarða neðan hans. Matsbeiðendur telja, að með gerð laxastigans í endanlegri mynd hafi afnotaréttur matsbeiðenda verið takmarkaður, en arður af ánni sé beint endurgjald fyrir afnotarétt veiðiréttareigenda. Matsbeiðendur telji, að tjón sitt af afnotamissi, sem þeir hafi orðið fyrir öðrum fremur, þurfi þeir ekki að bera bótalaust, en mat á því, hvort tjón hafi orðið með þessum hætti, og þá, hve það sé mikið, eigi að ákvarðast af matsmönnum, sem dómkvaddir séu með heimild í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Þá vísi matsbeiðendur einnig á 3. mgr. 96. gr. laga nr. 76/1970. Telji matsbeiðendur, að þeir eigi rétt á því að leggja þetta álítaefni fyrir sérfróða matsmenn, sem kveði á um, hvort tjónið verði rakið til fiskvegarins og hve mikið það sé.

Af hálfu matsþola er skírskotað til þess, að á fundi Veiðifélags Kjósarhrepps 8. maí 1971 hafi verið samþykkt samhljóða, að gerður yrði fiskvegur í Laxfossi í Laxá í Kjós og meðal þeirra, sem samþykkt hafi fiskveginn, hafi verið matsbeiðendur og eina athugasemdin, sem gerð hafi verið, hafi komið frá umboðsmanni Laxárness, sem áskilið hafi umbjóðendum sínum allan rétt, ef veiðiaðstaða fyrir landi jarðarinnar skertist vegna þessara framkvæmda. Öllum hafi hins vegar mátt vera ljóst, að með tilkomu stigans myndi veiði að einhverju leyti aukast fyrir ofan hann, þar sem leið fisksins um Laxfoss yrði greiðari en ella. Þá liggi fyrir álit veiðimálastjóra þess efnis, að veiðiaðstaða við Laxfoss hafi ekki breyst þrátt fyrir tilkomu stigans. Eftir að fiskvegurinn var gerður, hafi tvívegis farið fram endurskoðun á arðskrá Veiðifélags Kjósarhrepps samkvæmt 50. gr., sbr. 94. gr. laga nr. 76/1970, og í báðum tilvikum dómkvaddir undir- og yfirmatsmenn í samræmi við löginn. Í þessu mati hafi verið tekin afstaða til þess, að fiskvegur var kominn í Laxfoss og hvaða áhrif tilkoma hans kynni að hafa á arðskrána. Hafi matsmenn því þegar tekið afstöðu til þess ágreiningsefnis, sem hér sé krafist mats á, og jafngildi yfirmatið endanlegri úrlausn þess, hvort matsbeiðendur hafi átt rétt á hærri arðshlutfalli en þar er ákveðið eða ekki.

IV.

Matsbeiðendur styðja beiðni sína um dómkvæðningu matsmanna í máli þessu við 3. mgr. 96. gr., sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994 um breytingu á þeim lögum.

Samkvæmt 1. mgr. 96. gr. lax- og silungsveiðilaga á veiðieigandi, er veiði

átti, áður en lögin komu til framkvæmda, og missti hana að mestu leyti eða öllu fyrir þá sök, að lögin fyrimuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, rétt til skaðabóta eftir mati.

Er lögum um lax- og silungsveiði nr. 53/1957 var breytt með lögum nr. 76/1970, var bætt við 108. gr. þágildandi laga nr. 53/1957 því ákvæði, sem nú er óbreytt í 3. mgr. 96. gr. núgildandi laga um ofangreint efni. Í lagagreininni er ákvæði um bótarétt þess, sem í öðrum tilvikum en í 1. mgr. 96. gr. greinir hefur orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laganna.

Í athugasemdum með þessu ákvæði laganna, sem þá var nýmæli, segir svo: „Í nefndinni var um það rætt, hvort setja bæri beinar og meiri laga-hömlur en frv. gerir ráð fyrir á rétt manna til að veiða með föstum veiðivélum. Eigi þótti tiltækt að gera það nema leggja þá um leið skaðabótaskyldu á opinbera aðila. Hins vegar er veiðifélögum með 61. gr. frv. [33. gr. frv., sem var breyting á 61. gr. laga nr. 53/1957] veittur réttur til að takmarka í friðunarskyni með 2/3 [3/5] hlutum atkvæða allra félagsmanna veiði í fiskihverfi veiðifélags. Af slíkum takmörkunum getur leitt bótaskyldu, og kveður þessi mgr. á um, hvernig þeirri bótaskyldu skuli til lykta ráðið. Samkvæmt þessu geta félagsmenn friðað veiðivötn í fiskihverfi sínu umfram það, sem fastákveðið er í lögum, gegn því að taka á sig að greiða bætur til þeirra, er af því bíða tjón.“ Af athugasemdum þessum verður ráðið, að tilgangur þessa lagaákvæðis sé að bæta hlutaðeigandi veiðiréttareigendum það tjón, sem þeir verða fyrir vegna friðunar veiðifélaga á ákveðnum veiðisvæðum umfram það, sem lögin kveða á um. Af því leiðir, að ekki verður talið, að bótareglur ofangreindrar lagagreinar gildi um atvik þau, er liggja að baki matsbeiðni í máli þessu.

Í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 76/1970, sbr. 4. gr. laga nr. 63/1994, er að finna bein fyrimæli um fullar bætur eftir mati eða samkomulagi þeim til handa, er lætur af hendi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns, er með þarf til fiskvegar, og þola verður þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér. Matsbeiðni er ekki reist á bótarétti samkvæmt þessu ákvæði laganna, heldur því, að tekjur þeirra hafi lækkað hlutfallslega í framhaldi af gerð fiskvegarins í Laxfossi á árunum 1972-1973. Þá er matsbeiðni ekki heldur reist á ákvæðum IX. kafla laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins, að ekki séu lagaskilyrði eftir matsreglum lax- og silungsveiðilaga til dómkvaðningar matsmanna samkvæmt þeim lögum til að meta það, sem í matsbeiðni greinir, og er því óhjákvæmilegt að hafna henni.

Málskostnaður verður ekki ákveðinn í máli þessu.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framangreindri kröfu um dómkvaðningu matsmanna er hafnað.
